

SAMÞYKKT

um stjórn Borgarbyggðar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er skipuð níu fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Borgarbyggð er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Borgarbyggð annast þau lögmæltu verkefni sem sveitarfélaginu eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Borgarbyggð skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

Borgarbyggð er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hennar, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykktar þessarar.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar er að:

1. sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins;
2. kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga;
3. setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga;
4. ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna;
5. móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur;
6. fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga;
7. bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma;

8. hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga;
9. veita íbúum og þeim sem njóta þjónustu sveitarfélagsins upplýsingar um málefni þess, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur til starfa 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn forseta og fyrsta og annan varaforseta. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Forseti stjórnar kjöri tveggja varaforseta sveitarstjórnar og skal kosning þeirra vera hlutfallskosning enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar, sjá 5. mgr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé einungis einn forseti á fundi, gegnir aldursforseti störfum varaforseta. Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti úr hópi kjörinna aðalfulltrúa störfum forseta og sá sem næstelstur er gegnir störfum varaforseta.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils.

III. KAFLI

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar heldur að jafnaði reglulega fundi sveitarstjórnar annan fimmtudag í hverjum mánuði. Þeir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis og skal byggðarráð þá hafa heimild til fullnaðarafgreiðslu mála meðan á því stendur, sbr. 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfunda.

Sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundi í samráði við forseta sveitarstjóra.

Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst sveitarstjóra. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda dagskrá ásamt fylgigögnum með rafrænum hætti í gegnum fundargátt sveitarfélagsins og skal þá miðað við sömu tímamörk og ef um boðsendingu væri að ræða.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta sveitarstjóra, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjóra, ráðningu sveitarstjóra, helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjóra, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verkvið sveitarstjóra og sveitarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tveggja sólarhringa fyrirvara til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjóra.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjóra tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru að jafnaði haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjóra ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórn, enda standi reglur um þagnarskyldu ekki í vegi fyrir því.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjóra.

Fundir sveitarstjóra eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Ef fram kemur tillaga um lokun fundar skal hún afgreidd án umræðu. Forseti sveitarstjóra eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum ákvörðun um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

15. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

- a. *Fundarstjórn.* Forseti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lög-mæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. *Vald forseta.* Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef sveitarstjórnarmaður óhlýðnast úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á sveitarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita í fundarsal sveitarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta. Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.
- g. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athuga-

- semd um fundarstjórn forseta. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls.
- h. *Ræðutími.* Telji forseti að umræður dragist úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu, dagskrártillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Forseti getur krafist þess að slíkar tillögur séu skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá sveitarstjórnarmann sem samþykkja mál að rétta upp hönd. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.
- l. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.
- m. *Ritun fundargerða.* Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, samanber auglýsingu nr. 22/2013.

16. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun, skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gilda ákvæði þeirra laga nema öðruvísi sé ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann, eða hafi verið, maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en þeim sem getið er í 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Tilkynningu um slíkt samkomulag skal leggja fram í upphafi hvers kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

18. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Réttur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

20. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Óski sveitarstjórnarmaður eftir gögnum skal hann beina skriflegri beiðni þar um til sveitarstjóra. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og/eða um hvaða málefni þau fjalla. Miða skal við að aðgangur sé veittur innan þriggja daga frá móttöku beiðninnar. Varði beiðni mikið umfang gagna eða ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings skal sveitarstjóri leggja til að sveitarstjórnarmaður kynni sér gögn á skrifstofu sveitarfélagsins en fái ekki afrit þeirra.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

21. gr.

Síðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim síðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

23. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Ef aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

24. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

25. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI
Byggðarráð.

26. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð til eins árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs.

Kosning í byggðarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

27. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund hvern virkan fimmtudag nema í þeirri viku sem reglulegur sveitarstjórnarfundur er haldinn. Hefst hann að jafnaði kl. 08.15.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri eða kjörinn fulltrúi í byggðarráði óska þess.

28. gr.

Boðun funda byggðarráðs.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs.

Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

29. gr.

Stjórnun byggðarráðs.

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

30. gr.

Áheyrnarfulltrúar í byggðarráði.

Framboðslisti sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki í byggðarráði má tilnefna sveitarstjórnarfulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og áheyrnarfulltrúinn verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

31. gr.

Verkefni byggðarráðs.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.

Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg sbr. 35. gr. og 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðarráð.

32. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

33. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

34. gr.

Erindisbréf.

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir ráð, nefndir og stjórnir, þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti í samræmi við lög, reglugerðir og almenna starfshætti sveitarstjórnar.

35. gr.

Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Sveitarstjórn getur falið fastanefnd fullnaðarafgreiðslu mála á grundvelli ákvæða í samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eða í sérstökum viðauka með samþykkt þessari, nema lög mæli á annan veg, og skal þá fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu. Eftirfarandi atriði skulu höfð til hliðsjónar í því sambandi:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því;
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun;
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarfélagsins í veigamiklum málum.

Sá aðili sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn eða byggðarráð taki ákvörðun í máli.

36. gr.

Endurupptaka máls.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá sveitarstjórn, nefnd eða embættismanni, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til viðkomandi ráðs eða nefndar og verður að jafnaði að koma fram áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur viðkomandi ráð eða nefnd ákvörðun um málsmeðferð.

37. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

38. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

41. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 23. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Ef aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

42. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili með skriflegri tilkynningu til sveitarstjóra. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar sé ekki um það ágreiningur innan sveitarstjórnarinnar eða ef málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður án lögmætra forfalla mætir ekki á fundi eða brýtur gegn þagnarskyldu.

Við slíkar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

43. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

44. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

45. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

46. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs, velferðarnefndar, fræðslunefndar, skipulags- og byggingarnefndar, umhverfis- og landbúnaðarnefndar, atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar, öldungaráðs og nýbúaráðs.

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Byggðarráð.* Sveitarstjórn kýs þrjá sveitarstjórnarmenn og þrjá til vara í byggðarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 26. gr. samþykktar þessarar. Auk þess er kjörinn áheyrnarfulltrúi og annar til vara með málfrelsi og tillögurétt frá lista sem ekki fær kjörinn fulltrúa. Eingöngu

kjörnir sveitarstjórnarmenn eru kjörgengir í byggðarráð sem aðalmenn. Áheyrnarfulltrúar skulu einnig vera kjörnir fulltrúar.

2. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi skv. 5. mgr. 4. gr. laga samtakanna.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir út kjörtímabilið á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

I. Fjölskyldusvið:

1. *Velferðarnefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008. Velferðarnefnd hefur umsjón með framkvæmd laga um málefni fatlaðs fólks skv. lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, svo og húsaleigusamninga samkvæmt lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997. Nefndin ber ábyrgð á félagsþjónustu sveitarfélagsins. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.
2. *Fræðslunefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, málefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og samkvæmt ákvæðum samstarfssamninga sem um rekstur tónlistarskóla gilda hverju sinni, málefni framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samstarfssamninga um rekstur framhaldsskóla sem gilda hverju sinni og æskulýðsmál samkvæmt æskulýðslögum nr. 70/2007. Þá fer nefndin með íþróttamál samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998 og reglugerðum þar um. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.

II. Umhverfis- og skipulagsvið:

1. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með byggingar- og skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana. Nefndin starfar m.a. samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 112/2012, skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Nefndin hefur einnig frumkvæði að gerð skipulagsáætlana og skipulagsskilmála. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.
2. *Umhverfis- og landbúnaðarnefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar eru m.a. að sjá um framkvæmd laga um búfjárhald nr. 38/2013, framkvæmd laga um landgræðslu nr. 17/1965 og búnaðarlög, nr. 70/1998. Nefndin fer með veitumál skv. ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur. Nefndin hefur umsjón með eyðingu refa og minka samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nefndin fjallar um málefni girðinga skv. vegalögum. Nefndin fjallar um málefni sorphirðu og sorpeyðingar. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.

III. Stjórnsýslu- og fjármálasvið.

1. *Atvinnu, markaðs- og menningarmálanefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni atvinnulífs í sveitarfélaginu utan landbúnaðarmála, markaðsstarfsemi, upplýsinga- og kynningarmál sveitarfélagsins og gerir tillögur til sveitarstjórnar í þeim efnum. Nefndin fer með málefni bókasafna samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012

og málefni safna, samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Nefndin fer með menningarmál í sveitarfélaginu ásamt málefnum félagsheimila. Nefndin skal leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um útgjaldaliði í fyrrgreindum málaflokkum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Auk ofangreindra verkefna skal nefndin sinna öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur henni með erindisbréfi.

C. Kosningar í stjórnir, samstarfsnefndir og ráð til fjögurra ára:

1. *Kjörstjórn*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945.
2. *Undirkjörstjórnir*. Sveitarstjórn kýs sex undirkjörstjórnir, eina fyrir hverja kjördeild. Í hverja undirkjörstjórn skal kjósa þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Undirkjörstjórnir fara með framkvæmd kosninga í viðkomandi kjördeild samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og lögum um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945. Kjördeildir eru sem hér segir:
 - a. Borgarneskjördeild fyrir íbúa á svæðinu milli Langár og Gljúfurár.
 - b. Þinghamarskjördeild fyrir íbúa í Stafholtstungum, Norðurárdal, Bifröst og Þverárhlið.
 - c. Lyngbrekkukjördeild fyrir íbúa á svæðinu milli Langár og Hítarár.
 - d. Lindartungukjördeild fyrir íbúa á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár.
 - e. Kleppjárnsreykjakjördeild fyrir íbúa Hvanneyrar, Andakíls, Bæjarsveitar, Lundarreykjadals, Flókadals og Reykholtsdals,
 - f. Brúaráskjördeild fyrir íbúa Hvítársíðu og Hálsasveitar.
3. *Fjallskilanefnd*. Sveitarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar skulu vera sömu einstaklingar og eru formenn fjallskilanefnda skv. 4. t. C-liðar 46. gr. samþykktar þessarar. Varafulltrúar skulu vera sömu einstaklingar og eru varaformenn fjallskilanefnda. Nefndin fer með yfirumsjón fjallskilamála í sveitarfélaginu. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
4. *Fjallskiladeildir*. Sveitarstjórn kýs fulltrúa í sjö fjallskilanefndir fyrir einstakar fjallskiladeildir:
 - a. Fjallskilanefnd Kaldárbakka- og Mýrdalsréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - b. Fjallskilanefnd Hítardalsréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - c. Fjallskilanefnd Grímsstaðaréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - d. Fjallskilanefnd Brekku- og Svignaskarðsréttar. Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - e. Fjallskilanefnd Þverárréttar. Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - f. Fjallskilanefnd Rauðsgilsréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 - g. Fjallskilanefnd Oddstaðaréttar. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
 Fjallskilanefndir fara með afréttar- og fjallskilamál undir yfirstjórn sveitarstjórnar. Formenn nefndanna fara með atkvæðisrétt í veiðifélögum fyrir afréttarlandi.
5. *Stjórn fólkvangsins í Einkunnum*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 4. gr. samnings sem umhverfisráðherra hefur staðfest í umboði Umhverfisstofnunar um umsjón og rekstur fólkvangsins Einkunna í landi Hamars í Borgarbyggð.
6. *Húsnefnd Lindartungu*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Lindartungu.
7. *Húsnefnd Lyngbrekku*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Lyngbrekku.
8. *Húsnefnd Valfells*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Valfell.
9. *Húsnefnd Þinghamars*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Þinghamar.

10. *Húsnefnd Brúnar*. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara. Húsnefnd fer með rekstur samkomuhússins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir samkomuhúsið Brún.
- D. Aðrir fulltrúar kjörnir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:** Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu sveitarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Almannavarnanefnd Vesturlands*. Sveitarstjóri situr í almannavarnanefnd Vesturlands. Einnig hefur slökkviliðsstjóri seturétt í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt.
 2. *Stjórn Brákarhlíðar*. Sveitarstjórn kýs fjóra fulltrúa og jafnmarga til vara. samkvæmt samþykktum fyrir Brákarhlíð.
 3. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara samkvæmt lögum sambandsins.
 4. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara samkvæmt lögum um Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands.
 5. *Húsavæðunarsjóður Borgarbyggðar*. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara.
 6. *Fulltrúaráð Fjölbrotaskóla Vesturlands*. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara samkvæmt samningi um skólann og ákvæðum laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.
 7. *Hagasjóður*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa samkvæmt skipulagsskrá Hagasjóðs. Stjórnin fer með verkefni samkvæmt skipulagsskrá fyrir Hagasjóð nr. 593/1994.
 8. *Fjallskilaumdæmi*. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn fjallskilaumdæmis Borgarbyggðar, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar.
 9. *Fræðslu- og skólanefnd Eyja- og Miklaholtshrepps*. Sveitarstjórn kýs einn áheyrnarfulltrúa og annan til vara.
 10. *Stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og fimm til vara samkvæmt skipulagsskrá Menningarsjóðs Borgarbyggðar nr. 930/2007.
 11. *Stjórn Snorrastofu*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara skv. 4. gr. skipulagsskrár Snorrastofu.
 12. *Sjálfsveigarstofnun Arnarvatnsheiðar og Geitlands*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og annan til vara.
 13. *Heilbrigðisnefnd Vesturlands*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 14. *Stjórn Faxaflóahafna*. Sveitarstjórnir á svæðinu kjósa alls átta aðalmenn og jafnmarga til vara í stjórnina skv. samþykktum Faxaflóahafna.
 15. *Stjórn Háskólans á Bifröst*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa í stjórn Háskólans á Bifröst og annan til vara skv. lið 5.1 í skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Háskólinn á Bifröst ses.
 16. *Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst*. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst og þrjá til vara skv. lið 5.8 í skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Háskólinn á Bifröst ses.
 17. *Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar*. Sveitarstjórn kýs fjóra fulltrúa í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar og fjóra til vara skv. samþykktum skólans.
- E. Hagsmunaráð sem kosin eru til eins árs á sveitarstjórnarfundi í september.**
1. *Ungmennaráð*. Sveitarstjórn kýs sex fulltrúa og jafnmarga til vara. Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins. Ráðið er skipað samkvæmt erindisbréfi um ungmennaráð.
 2. *Öldungaráð*. Sveitarstjórn kýs átta fulltrúa og jafnmarga til vara. Öldungaráð Borgarbyggðar er sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni eldri borgara. Ráðið er skipað samkvæmt erindisbréfi um öldungaráð.
 3. *Nýbúaráð*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nýbúaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um málefni nýbúa. Ráðið er skipað samkvæmt erindisbréfi um nýbúaráð.

47. gr.

Verkefnabundnar nefndir.

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrir ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VII. KAFLI

Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

48. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

49. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs er staðgengill sveitarstjóra.

50. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu að fenginni tillögu sveitarstjóra og viðkomandi sviða og nefnda, svo sem sviðsstjóra einstakra sviða og yfirmenn einstakra stofnana sveitarfélagsins, og veitir þeim einnig lausn frá starfi. Gera skal skriflega ráðningarsamninga þar sem meðal annars skal kveðið á um kaup og kjör.

51. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Um ráðningu annarra starfsmanna sveitarfélagsins annast sviðsstjórar eða stjórnendur einstakra stofnana, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrirmælum. Gera skal skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn þar sem meðal annars skal kveðið á um kaup og kjör.

52. gr.

Framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Sveitarstjórn er heimilt að fela eftirtöldum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu einstakra mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 34. gr.:

1. Sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs í umboði byggðarráðs að afgreiða afslátt af fasteignasköttum til elli- og örorkulífeyrisþega á grundvelli samþykktra reglna þar um, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

2. Byggingarfulltrúa að afgreiða mál samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar um afgreiðslu byggingarfulltrúa í Borgarbyggð, sbr. lög um mannvirki nr. 160/2010.
3. Sveitarstjóra í umboði byggðarráðs, samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998, gildandi málsmeðferðarreglum um áfengisveitingaleyfi og lögum um veitinga- og gististaði nr. 85/2007, að gefa umsagnir um veitingu og endurnýjun rekstrar- og veitingaleyfa, auk annarra leyfa sem varðar afmarkaða atburði í sveitarfélaginu.
4. Félagsmálastjóra í umboði velferðarnefndar að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu í samræmi við reglur um fjárhagsaðstoð í Borgarbyggð, samþykktar af sveitarstjórn, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sveitarstjórn getur sett sérstakan viðauka um fullnaðarafgreiðslu starfsmanna. Viðkomandi nefndir og ráð skulu hafa eftirlit með þeim afgreiðslum og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Viðkomandi starfsmanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi ráðs eða nefndar til fullnaðarafgreiðslu. Mál sem starfsmenn afgreiða skulu kynnt fyrir viðkomandi nefnd eða ráði með skriflegri skýrslu í lok hvers ársfjórðungs. Ef krafist er endurupptöku máls skv. þessari grein skal vísa málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

53. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Borgarbyggðar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

54. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Borgarbyggðar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu, starfsskyldum stjórnenda og jafnréttisáætlun.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

55. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfesting ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðaukar við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölulið,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sala eigna sveitarfélagsins og réttindi þess,
7. álagning skatta og gjalda,
8. ráðning eða uppsögn endurskoðanda.

56. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bygðarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og

fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

57. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur samkvæmt 52. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í þegar samþykktri fjárhagsáætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

58. gr.

Fjármálaeðglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

59. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Borgarbyggðar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

61. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – íbúapátttaka.

62. gr.

Samráð við íbúa.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til þátttöku og áhrifa á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar, sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn skal vinna að því að íbúar sveitarfélagsins geti fengið greinargóðar upplýsingar um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og önnur mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Í því skyni verði eftir því sem best hentar veittar upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins eða á opnum borgarafundum.

63. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 20% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

64. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar nr. 884/2013 með síðari breytingum. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal yfirfara samþykkt þessa í upphafi hvers kjörtímabils.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 21. maí 2019.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.